

*„dalurinn hér kvað við af flautuspili
smalanna sem kváðust á“*



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 2. maí 2023 kl. 20:00

Síðari hluta 19. aldar gekk yfir bylgja frelsis og framfara í Suður Þingeyjarsýslu sem átti sér hvergi sína líka hér á landi. Snerti hún alla þætti þjóðlífsins; verslun, landbúnað, þekkingarleit og menningu. Alþýðan las heimsbókmenntirnar, stjórnsmál voru reifuð og tónlist var stunduð.

Árið 1851 kom Jón Jónsson frá Vogum í Mývatnssveit, nefndur Voga-Jón, heim úr trésmíðanámi frá Kaupmannahöfn og flutti með sér fiðlu, þá fyrstu í sveit norðanlands að minnsta kosti, og kunnáttu til að leika á hana. Á þessum tímum voru komnir möguleikar á að panta vörur beint að utan og notuðu Þingeyingar sér það, meðal annars til að kaupa fiðlur. Fiðluleik lærðu þeir hver af öðrum. Ötulastur var án efa Benedikt Jónsson – Bensi á Auðnum – sem var einn af þeim sem duglegastir voru að skrá þjóðlög fyrir Bjarna Þorsteinsson á Siglufirði. Í bréfi sínu til Bjarna segir hann:

„... varð ég einna fyrstur til að útvega þau hljóðfæri og um leið útlendar nótnabækur og söngkennslubækur, og varð þá hreint og beint kapp á milli unglínganna að leika á fiðlu og flautu, svo dalurinn hjer kvað við af flautuspili smanna sem kváðust á.“

Svava Bernharðsdóttir

víóluleikari

rekur þátt Suður-Pingeyinga úr doktorsritgerð sinni
„Saga og þróun fiðlu- og víóluleiks á Íslandi“

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðluleikari

flytur erindi um fiðlur og fiðluleik í Suður-Pingeyjarsýslu
og byggir á riti Garðars Jakobssonar og Páls H. Jónssonar
„Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Pingeyjarsýslu“.
Leiknar verða upptökur með leik Garðars og Páls.

Herdís Anna Jónsdóttir

víóluleikari

segir frá reynslu sinni að alast upp í þessu umhverfi
á síðustu áratugum liðinnar aldar og kynnum sínum
af Garðari Jakobssyni.

Gömul þingeyisk danslög

sem Páll H. Jónsson skráði og Martin Frewer hefur útsett.

Svava Bernharðsdóttir, Hlíf Sigurjónsdóttir,
Herdís Anna Jónsdóttir og Martin Frewer leika á fiðlur

Svava leikur á fiðlu Hjálmars Stefánssonar í Brekku í Mývantssveit.

Hlíf leikur á fiðlu Ólafs Kvarans ritsímastjóra sem Þórarinn
Guðmundsson lék oft á.

Herdís Anna Jónsdóttir leikur á fiðlu Björns Jakobssonar frá
Narfastöðum í Reykjadal, skólustjóra Íþróttaskólans á Laugarvatni.

Martin leikur á fiðlu franska fiðlusmiðsins Christophe Landon.

Svava Bernharðsdóttir víóluleikari stundaði nám við the Juilliard School í New York undir handleiðslu William Lincer og Karen Tuttle og lauk bakkalár- og meistaraþráðum og doktorsprófi 1989. Lokaverkefni hennar þar fjallaði um sögu og þróun íslensks fiðlu- og víóluleiks. Áður nam Svava hjá Nobuko Imai í Hollandi, John Kendall, Rut Ingólfssdóttur, Gígju Jóhannsdóttur og Sigurði Rúnari Jónssyni og seinna á barokk fiðlu hjá Jaap Schröder í Sviss. Hún vann um árábil í Sviss, Þýskalandi og Slóveníu en er nú fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands, kennir við Listaháskóla Íslands, MÍT og Tónlistarskóla Kópavogs. Hún leikur með ýmsum kammerhópum, til dæmis Camerarcctica, Skálholtskvartettinum og Caput og hefur leikið inn á geisladiska, meðal annars *Svaviola I og II* með íslenskum víóluverkum sem sum hver voru samin fyrir hana.

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum beggja vegna Atlantshafsins, leikið inn á geisladiska, meðal annars allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa diskar hennar hlotið einróma lof gagnrýnenda.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi. Hún hefur flutt útvarpserindi, haldið tónleika með sögulegu efni, bæði í eigin flutningi og með gömlum upptökum úr fór- um RÚV. Árið 2020 stóð hún fyrir útgáfu geisladisksins „Sagan í tónum“ með fiðluleik Björns Ólafssonar konsertmeistara.

Herdís Anna Jónsdóttir lauk prófum frá Tónlistarskóla Akureyrar 1983, Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986 og Hochschule für Musik und Darstellende Kunst Stuttgart 1992. Hún hefur verið fastráðinn víóluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1995 og einnig starfað með öðrum hljómsveitum og kammerhópum hérlendis og erlendis. Má þar meðal annars nefna Caput hópinn, Dísurnar og Ensemble 62/63. Herdís Anna hefur spilað í yfir 20 ár í Dúó Stemmu ásamt slagverksleikaranum Steef van Oosterhout. Þau hafa spilað fyrir fjölmörg börn á öllum aldri bæði hérlendis og erlendis. Eitt af stærri verkefnum þeirra er að spila Íslensk þjóðlög í nýjum og frumlegum búningi.